

## 7. FUNDUR SAMSAMSTARFSNEFNDAR UM SAMEININGU Í A-HÚN

Mánudaginn 15. febrúar 2021, var fundur haldinn í félagsheimilinu á Blönduósi kl. 17.

### Mætt voru:

*Frá Húnavatnshreppi:* Jón Gíslason, Ragnhildur Haraldsdóttir, Einar Kristján Jónsson og Þóra Sverrisdóttir.

*Frá Skagaströnd:* Halldór G. Ólafsson, Kristín Björk Leifsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir.

*Frá Blönduósibæ:* Guðmundur Haukur Jakobsson, Jón Örn Stefánsson og Valdimar O. Hermannsson

*Frá Skagabyggð:* Magnús Björnsson, Karen Helga R. Steinsdóttir og Dagný Rósa Úlfarsdóttir.

*Frá RR ráðgjöf:* Jón Hrói Finnsson og Róbert Ragnarsson

Jón Gíslason setti fundinn og stýrði dagskrá.

Jón Hrói Finnsson ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 6. fundar borin upp og samþykkt.

#### 2. Þóknun fyrir setu í starfshópum

Lagt er til að hvert sveitarfélag greiði sínum fulltrúum þóknun sem samsvarar 10.000 kr. á fund fyrir hvern fulltrúa, en 15.000 kr. á fund fyrir formann og ritara. Sveitarfélögin greiði fulltrúum fyrir akstur á fundi. Þegar fjármögnun verkefnisins skýrist í vor, verði tekin ákvörðun í samstarfsnefnd hvort verkefnið endurgreiði sveitarfélögunum kostnaðinn. Kjósi eitthvert sveitarfélaganna að greiða fulltrúum hærri þóknun, er þeim það frjálst en verkefnið muni ekki greiða herra en sem nemur ofangreindu.

Tillaga samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

#### 3. Verkefnis- og kostnaðaráætlun

Verkefnisáætlun rifjuð upp og farið yfir dagsetningar. Fram kom að seinni umræða í sveitarstjórn þarf að fara fram fyrir 31. mars ef kosningar eiga að fara fram 5. júní og að líða skuli minnst vika á milli umræðna.

#### 4. Vefsvæði

Vinna við uppsetningu vefsins er hafin. Ekki hafa fengist upplýsingar um stöðuna frá Stefnu.

## **5. Minnisblöð starfshópa**

Umræður um minnisblöð starfshópa. Rætt um mikilvægi þess að upplýsa stjórnendur og starfsmenn um niðurstöður starfshópanna.

Farið var yfir minnisblöð starfshópa og samstarfsnefndar. Ábendingar um atriði sem fara þarf yfir voru skráðar í minnisblöðin.

Fram kom að ágreiningur er um minnisblað starfshóps um stjórnarsýslu og fjármál. Ákveðið var að mælast til þess að starfshópurinn fundi með ráðgjöfum í þessari viku til að ná samstöðu um endanlega afurð.

## **6. Íbúafundir**

Rætt um fundarform og fundartíma. Ráðgjafar fóru yfir reynslu af íbúafundum í sambærilegum verkefnum. Ákveðið að halda tvo rafræna fundi með almennri kynningu á verkefninu og framtíðarsýn starfshópa.

Róbert falið að athuga hvort Elín Elísabet eða Rán Flygenring séu lausar og hversu mikið þær tækju fyrir að myndlýsa fundunum.

Fundirnir verða haldnir miðvikudaginn 3. mars kl. 20:00-23:00 og laugardaginn 6. mars kl. 10:00-13:00.

Ákveðið að ráðgjafar kynni verkefnið og niðurstöður starfshópa.

Miðlar til að auglýsa og stuðla að umfjöllun: Húni.is, Feykir, Sjónhornið (Nýprent á Sauðárkróki). Senda þarf fréttatilkynningar á RÚV, N4, Morgunblaðið, Fréttablaðið, Hringbraut, Vísir.

Áberandi auglýsing verður auk þess inni á vefsvæði sveitarfélagsins sem er í smíðum.

## **7. Hugmynd um stofnun Umhverfisakademíu í A-Hún**

Magnús B. Jónsson hefur lagt til að settur verði á fót starfshópur til að meta, skilgreina og stilla upp hugmynd að umhverfisakademíu í A-Hún. Samstarfsnefnd tekur vel í hugmyndina. Ákveðið að bjóða Magnúsi á næsta fund.

## **8. Næsti fundur samstarfsnefndar**

Næsti fundur nefndarinnar verður haldinn á þriðjudaginn 23. febrúar kl. 17:00.

Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 20:04.